

Foreldraráð Núps

Fundur 2

Mæting: Svana, Rebekka, Sigríður, Ásdís, Eyrún og Hlín, allir fulltrúar mættir.

- 1) Upplýsingakassar eru staðsettir á öllum deildum Núps. Þar geta foreldrar og aðrir aðstandendur komið athugasemdum eða spurningum á framfæri við leikskólann. Mikilvægt að minna á hann t.d. á heimasíðu eða í netpósti til foreldra.
- 2) Börnum er velkomið að fá vatn að drekka að vild yfir leikskóladaginn, minnt verður á þetta á starfsmannafundi.
- 3) Rætt um hávaða í matsal, lagt hefur verið áhersla á að minnka hann markvisst á matartímum m.a. að hafa dúk á borðum, hver starfsmaður passi sitt borð og ýti undir æskilega hegðun.
- 4) Bílastæði við leikskólann, ráðið sendi ábendingu til yfirmanna Lindarskóla um að biðja starfsmenn að leggja austan megin við skólann svo að foreldra hafi að gang að bílastæðum við leikskólann. Eftir þá ábendingu þá almennt auðveldara að fá stæði en á anna tímum er oft þröngt á þingi !
- 5) Farið yfir bréf frá umboðsmanni barna um öryggi í skólum. Eftirlit brunavarna á Núpi er ný lokið og er reglulegt. Kópavogsbær hefur eftirlit með leikskólalóðinni og starfsmenn leikskólans sjá um daglegt eftirlit með öryggi á lóð. „Sandað“ er eftir þörfum á lóðinni og á stéttum fyrir utan leikskólann. Hvatt er til þess að starfsmenn fari reglulega á skyndihjálparnámskeið. Rætt um eineltisáætlanir og mikilvægi þeirra, auknar kröfur í dag um slík tæki í skólum og leikskólum. Starfsmenn leikskólans hvattir til að þess að vera vakandi varðandi þennan málaflokki.
- 6) Starfsmannamál, eru í ágætum farvegi, nýr starfsmaður í eldhúsi og almenn ánægja í matsal skólans.
- 7) Nýtt útisvæði fyrir Núp, Dal og Lindarskóla hefur verið tekið í notkun austan við Kópalind. Um samvinnuverkefni leikskóla, skóla og foreldra var að ræða og var svæðið að mestu byggt upp á einum eftirmiðdegi undir leiðsögn landslagsarkitekts. Fyrirhugað er að byggja upp stærra svæði vestan við Lindarkirkju sem sömu skólar geta nýtt í úti kennslu. Foreldraráð lýsir ánægju með þetta framtak.

Ritari: Hlín B

